



DV-mynd: Jóhann A. Kristjánsson.

Bergþór Guðjónsson Íslandsmeistari í torfæruakstri

Bergþór Guðjónsson tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í torfæruakstri um helgina með því að sigra í Torfæru-

keppni Björgunarsveitarinnar Stakks. Í öðru sæti varð Bjarni Sigurgarðarsson og í þriðja sæti Halldór

Jóhannesson. A myndinni er Halldór í einni torfærunni.

Skrjabin og Debussy í Septem hópnum

Planótónleikar Joseph Bloch í Vestursal Kjarvalsstaða 13. september.
Efnisskrá: Alexander Skrjabin: 5 prelúdíur op. 74, Sónata nr. 9 op. 68, þrjár „Morceaux“ op. 45 og Sónata nr. 5 op. 45. — Claude Debussy: Prelúdur, 2. hefti.

Joseph Bloch, prófessor við Julliard tónlistarskólann, hefur að undanföngu dvalist hér og haldið fyrirlestra og námskeið með pianóleikurum. En á Kjarvalsstöðum á mánudagskvöld gafst almenningi tækifæri til að hlýða á leik þessa vinsæla kennara. Þegar á tónleika er komið skilur maður hvers vegna Bloch er svo óhemju vinsæll fyrirlesari og kennari, því að hann fylgdi verkunum úr hlaði með glöggum og skemmtilegum skýringum. — Tónleikum og kennslustundum finnst mér nú samt ekki rétt að blanda saman, þótt allir góðir tónleikar séu til þess að læra af þeim. Tónflytjandinn á að geta komið innihaldi verkanna sem hann leikur til áheyrenda án hins talaða orðs. Hafi hann eitt-hvað til fróðleiks um verkin að segja býðst honum alla jafna rúm í prentaðri efnisskrá. Og satt best að segja þarf pianisti á borð við Bloch síður en svo á hinu talaða orði að halda til stuðnings leik sínum.

Óvanalega heillandi Skrjabin

Um Alexander Skrjabin greinir menn almennt aðeins á um hversu brenglaður hugur hans hafi verið undir lok ævinnar, ekki hvort. Hans síðustu verk miðuðu að undirbúningi einhvers stórkoslegasta gjörnings sem upphugsaður hefur verið og aldrei komst, né komast mun í framkvæmd. Raunar hættir mörgum til

að líta á músík hans sem fagmannamúsík eingöngu og því er hann lítt áberandi á venjulegum efnisskrám. Meðferð Josephs Bloch á Skrjabin var stórkostleg, kannski mest fyrir það hversu innilega lítið þetta tækni-lega torf virtist standa túlkun fyrir þrifum. Leikurinn var langt frá því

Tónlist

Eyjólfur Melsted

að vera innihaldslaust „tekniskt undur“, heldur var áheyrendum boðið upp á óvanalega heillandi skrjabin-túlkun.

Vinalegt, og stundum víðeigandi

Prelúdíur Debussys voru fluttar af heldur meiri skaphita en almennt tíðkast, samkvæmt alþjóðlegum staðli. Það kunnir ég vel við og þykir mér sem fleirum, að um of tíðkist lognmollan í Debussyflutningi. Væri það vel ef Joseph Bloch skildi eitt-hvað eftir af persónulegum áhreifum sínum í Debussyleik með námskeiði sínu hér.

Í þessari stórgóðu tónleikakennslustund veittu myndverk Septem hópsins vinalagt umhverfi, og sum hver víðeigandi, að minnsta kosti Skrjabin verkunum.

EM.

NÝBAKAÐIR ÍSLANDSMEISTARAR



VÍKINGUR

GEGN SPÆNSKU MEISTURUNUM

REAL SOCIEDAD



Kröftugur stuðningur þinn er hálfur sigur og þess vegna treystum við þér og öllum öðrum knattspyrnuunnendum til þess að mæta í Laugardalinn í dag og hvetja strákana í baráttunni við spænsku snillingana frá Real Sociedad.



Motto dagsins eru:

**ALLIR Á VÖLLINN
ÁFRAM VÍKINGUR.**

50 ára þjónusta
1932-1982

SPARISJÓDLIR
REYKJAVÍKUR
OG NAGRENNIS

*Eru steinar í „sykurhúðu“
perunni þeirra spænsku?*



REAL SOCIEDAD DE FVFBOL
CAMPEON DE LIGA 81-82 TXAPELDUNAK

Á LAUGARDALSVELLI (AÐALLEIKVANGI)

EVRÓPUKEPPNI MEISTARALIÐA

Í DAG KL. 17.30

VÍKINGUR